



Fréttatilkynning

04 July 2025 22:22:00 GMT

Arion banki ítrekar ósk um samrunaviðræður við Kvikubanka

Í dag ítrekaði stjórn Arion banka hf. ósk sína um samningaviðræður um sameiningu bankanna við stjórn Kvikubanka hf.

Eins og kunnugt er þá ákvað stjórn Arion banka á fundi sínum þriðjudaginn 27. maí sl. að óska eftir samrunaviðræðum við Kvikubanka. Stjórn Kvikubanka svaraði þeirri beiðni föstudaginn, 13. júní. Í svari Kvikubanka kom fram að stjórn bankans teldi ekki forsendur fyrir því að hefja samrunaviðræður við Arion banka þar sem erindi Arion endurspeglar að hennar mati ekki virði Kvikubanka. Stjórn Kvikubanka tók fram að ef stjórn Arion banka myndi endurskoða forsendur um virði Kvikubanka væri hún reiðubúin að endurmeta ákvörðun sína varðandi samrunaviðræður.

Stjórn og stjórnendur Arion banka hafa undanfarið haldið áfram vinnu við greiningu hagræðis og þeirra tækifæra sem til yrðu við samruna félaganna. Í kjölfar fundar fulltrúa Arion og Kvikubanka í morgun ákvað stjórn Arion banka að senda uppfært erindi til stjórnar Kvikubanka. Erindið, þar sem ítrekuð er ósk um samningaviðræður um sameiningu bankanna, var sent eftir lokun markaða í dag.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2025-07-04 22:22 GMT.

Viðhengi

[Arion banki ítrekar ósk um samrunaviðræður við Kvikubanka](#)